





**Almennt um einangrun og klæðningu utanhúss.**
**Allar festingar skulu vera heitsinkhúðaðar**
Allir útveggir hússins eru einangraðir og klæddir utan sem hér segir:

**1. Lektur á steypta veggi.**
50x100 mm lektur skulu festar lárétt (c/c 60 cm) utan á steypta veggi með BMF-6090 vinklum (með styrkingu). Vinklar skulu festir í vegg með límbolta M10/110 og lektur við vinkla með 5 stk. BMF 40/40 galv. saum . Fjarlægð milli vinkla skal vera mest 80 sm, þó ekki meira en 50 sm í 450 sm fjarlægð frá úthornum, og skulu þeir vera sitt á hvað við lekturnar. Allt efni skal vera beint, húsþurrt og laust við stóra kvisti og aðra galla. Timbur skal ekki vera lakara en í IV flokki skv. norrænum stöðlum stöðlum og skal það fullnægja kröfum fyrir burðarþolsflokk K18 samkvæmt íslensk/dönskum staðli ÍST/DS 413. Timbur skal vera gagnvarið með B-vörn.

**2. Einangrun**
Einangra skal milli lekta með 100 mm þéttull þannig að einangrun liggi alls staðar þétt að þeim og hvergi myndist holrými. Ef ull er lögð í tveimur lögum skulu samskeyti hvergi standast á.

**3. Vindpappi**
Vindpappi af viðurkenndri gerð (0,5 kg/m2 með PAM-gildi mest 20) heftist utan á lektur. Þar sem pappi er settur saman skal hann skarast um a.m.k. 20 cm.

**4. Útilstun/loftbil**
Lóðréttir 25x58 mm listar , c/c 400 mm, skulu skrúfaðir utan á lektur (eftir að einangrun og pappa hefur verið komið fyrir) með 2 stk 6x75 mm undirsinkuðum tréskrúfum þar sem innri og ytri listar krossa. Loftunargrind skal einning nota til afréttingar ef nauðsynlegt þykir. Loftbili að neðan skal lokað með fínriðuðu, ryðfríu stálneti (músaneti).

**5. Klæðning**
Utan á lista klæðist með Stenex-plötum skv. þeirri plötudeilingu sem fram kemur á yfirlitsteikningu. Á úthornum og láréttum samskeytum skal komið fyrir állistum (Steni-fylgihlutir) og á lóðréttum plötuskeytum skal legga gúmmíborða undir. Við uppsetningu skal leiðbeiningum framleiðanda fylgt.

**6. Múrhúð**
Einangrun neðan klæðningar er 100 mm harðpressuð jarðvegsull. Múra skal með ÍMÚR-húð frá klæðningu og 20 cm niður fyrir jarðvegsyfirborð. Fylgja skal ÍMÚR-leiðbeiningum um festingu einangrunar og múrhúð.

1:5 10 20 30 40 50 SM

Útboðsteikning
smækkun úr A1 í A3

Verkefni
EINSETNING ÖLDUTÚNSSKÓLA
Viðbygging - 1. áfangi
Sneiðing í útvegg, deili

| | | |
|---|---|---|
| Dags | 28.10.1997 | S-04 |
| Mkv. | 1:5 | |
| Teiknað | PG | |

Arkitektar Skógarhlíð
Skógarhlíð 18 · 101 Reykjavík
S. 551 1010 · Fax 562 0588
arkitekt@skima.is · www.skima.is/arkitektar